

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Höfn, 1. mars 2016

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs. Þingskjal 131- 131. mál.**

Með tölvupósti dags. 16. febrúar 2016 óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um eftirfarandi mál: Tillaga til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs, 131. mál. Með í þingskjalinu var greinargerð þar sem farið var yfir markmið þingsályktunartillögunnar.

**Samtök náttúrustofa gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:**

Eitt af verkefnum ráðsins, samkvæmt c-lið tillögunnunar verður að;

*að veita ráðgjöf um rannsóknarþörf og viðbrögð á þeim sviðum sem mestu varða fyrir það verkefni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar á meðal um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og **ástand og þróun lífríkis,***

Síðar í tillögunni er tilgreint hvaða stofnanir og samtök eigi sæti í loftslagsráðinu. Þar eru talin upp a.m.k tíu sæti auk formanns.

Þegar borin eru saman verkefni ráðsins og sæti í ráðinu gætir misræmis. Ekki er neinn fulltrúi frá stofnunum sem hafa það lögbundna hlutverk að stunda rannsóknir á lífríki. Sem dæmi um slíkar stofnanir eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofur og Hafrannsóknastofnun. Til að hægt sé að veita ráðgjöf um rannsóknarþörf á ástandi og þróun lífríkis þurfa aðilar frá þessum stofnunum að koma að málinu með aðild að ráðinu.

Í e- og f-liðum er tilgreint að ráðið eigi að miðla fræðslu. Þegar skoðaðir eru hverjir eiga sæti í loftslagsráði er áberandi skortur á aðkomu fræðslu- og miðlunarstofnana. Mætti bæta úr því með því að tilnefna einnig í ráðið aðila sem eru með lögbundið hlutverk varðandi miðlun og fræðslu.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Hermannsdóttir - formaður